

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis 1. áfanga.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 26. september 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðunum 7-13 við Seljuskóga og 1-9 við Viðjuskóga.

Breytingin felst m.a. í að á fjórum íbúðarhúsalóðum við Seljuskóga nr. 7-13 og á fimm lóðum við Viðjuskóga nr. 1-9 þar sem fyrirhuguð voru tveggja hæða einbýlishús verða einnar hæðar einbýlishús. Eftir breytinguna fækkar lóðum og verða þær þrjár við Seljuskóga og fjórar við Viðjuskóga.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 7. desember 2006.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 7. desember 2006